81 15. maí ur í Rangárvallasýslu (sbr. landshöfðingjabrjef 11. júlí 1892, Stj.tíð. 1892 B, bls. 163) sje eptirleiðis nefndur *Ásahreppur*.

82 27. maí **Brjef ráðgjafans fyrir Island** *til landshöfðingja* **viðvíkjandi þingsályktun um að birta í Stjórnartíðindunum tillögur landshföðingja, er synjað er lagafrumvörpum eða þingsályktunum.** — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi, dags. 12. okt. f. á., sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á aukaþinginu í fyrra, þess efnis, að skora á ráðherra Íslands að hlutast til um, að í hvert skipti sem einhverju lagafrumvarpi frá alþingi er synjað konungsstaðfestingar, eða neitað er að sinna einhverri þingsályktun frá annari eða báðum deildum alþingis, verði tillögur landshöfðingja til ráðaneytisins um málið birtar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna, að ráðaneytið skal ekkert hafa á móti því, að reglu þeirri, sem fylgt hefir verið að undanförnu, að skýra frá tillögum landshöfðingja í ráðgjafabrjefi því til hans, er flytur úrskurð ráðgjafans, og sem síður er að birta í B.-deild Stjórnartíðindanna þegar svo stendur á, sem þingsályktunin greinir, sje eptirleiðis hagað svo, að tillögubrjef landshöfðingja sje birt orðrjett ásamt ráðherrabrjefinu.

83 27. maí **Brjef ráðgjafans fyrir Island** *til landshöfðingja* **viðvíkjandi þingsályktun um stofnun almenns ábyrgðarsjóðs fyrir fiskiveiðaþilskip á Íslandi.** — Með þóknanlegu brjefi dags. 12. okt. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, samþykkta af báðum deildum alþingis, þar sem skorað er á stjórnina að leggja fyrir alþingi 1895 frumvarp til laga um stofnun almenns ábyrgðarfjelags fyrir fiskiveiðaþilskip á Íslandi, þannig, að landssjóður leggi hæfilegan styrk til stofnunar fjelagsins og viðhalds þess fyrst um sinn, en að öðru leyti sje fjelagið byggt á innbyrðis ábyrgð, og hafið þjer jafnframt af þeim ástæðum, er nákvæmar eru teknar fram í brjefi yðar, látið þá skoðun yðar í ljósi, að þingsályktun þessi sje ekki til þess fallin, að hún sje tekin til greina.

Þessa skoðun yðar verður ráðaneytið að fallast á, og það því fremur, sem komin er beiðni frá nýstofnuðu þilskipaábyrgðarfjelagi við Faxaflóa um lsndssjóðsstyrk, og mun verða farið fram á nauðsynlega fjárveitingu til þessa í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1896 og 1897.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yðar til þóknanlegrar leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það í B.-deild Stjórnartíðindanna ásamt ofan nefndu brjefi yðar.

* * *

Brjef landshöfðingjans til ráðgjafans er svo hljóðandi: »Á síðasta alþingi samþykktu báðar deildir þess þingsályktun þá, er hjer með fylgir in orginali ásamt danskri þýðingu, og er í henni skorað á stjórnina að leggja fyrir alþing 1895 frumvarp til laga um stofnun almenns ábyrgðarfjelags fyrir fiskiveiðaþil-